

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, hafnarsvæði á Ólafsvík (Bankastræti 1a).

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að svæði sem afmarkast af Bankastræti og Gilsbakka, Bankastræti 1a (merkt O16) sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði er breytt í svæði fyrir þjónustustofnun, en skv. auglýstu deiliskipulagi skal reisa þar lögreglustöð o.fl.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.